

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**111. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. maí 2010 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.**

## **Dagskrá:**

1. Viðræður við skólastjóra Tónlistarskóla Húnaþings vestra.
2. Viðræður við leikskólastjóra.
3. Úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra.

## **Afgreiðslur:**

1. Viðræðum við skólastjóra tónlistarskóla frestað til næsta fundar.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál leikskólans. Verður stöðugildum fækkað um 2,4 eða frá 16,9 í 14,5 milli starfsára. Einnig kynnti hún ósk sína sem verður send Byggðaráði til afgreiðslu um breytingar á reglum um uppsögn vistunarrýmis á leikskólanum. Leggur hún einnig til að leikskóladeildin í Víðihlíð verði lögð niður þar sem nemendafjöldi er ekki nægur. Að lokum kynnti hún drög að skóladagatali leikskólans fyrir næsta starfsár fyrir fræðsluráði. Fræðsluráð þakkar Guðrúnu Láru samstarfið síðastliðin 4 ár.
3. Fræðsluráð ræddi skýrslu Attentus, sem unnin var fyrir Mennta og menningarmálaráðuneytið vegna úttektar á Grunnskóla Húnaþings vestra. Formaður fræðsluráðs mun sjá um að senda úttektaraðilum þær athugasemdir sem fræðsluráð gerir við skýrsluna. Skólastjóri gerði grein fyrir sínum athugasemdum varðandi skýrsluna og svaraði fyrirspurnum fræðsluráðs.

Gísli Már Arnarson vék af fundi kl. 17:00

Snjólaug Grétarsdóttir sat fundinn sem fulltrúi starfsmanna leikskólans.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:55

Guðrún Elín Benónýsdóttir(sign.),  
Elín Jóna Rósinberg(sign.),  
Guðmundur Ísfeld(sign.).